



**Hitamæling 27.01.1995 í holu SN-12,  
Seltjarnarnesi**

**Helga Tulinius**

**Greinargerð HTul-95-01**

## HITAMÆLING 27.01.1995 Í HOLU SN-12, SELTJARNARNESI

Hola SN-12 var hitamæld 27.01.1995 um þremur mánuðum eftir að borun borun lauk 20.10.1994. Seinasta aðgerðin í borun var að bora út hruntappa á 2092 m til 2100 m dýpi. Borinn komst þá í 2534 m dýpi. Hitamælirinn í þessari mælingu komst í 2522 m dýpi eða um 12 m grynna en áður var hægt að komast.

Á mynd 1 er mælingin frá 27.01.1995 teiknuð ásamt mælingu frá 17.10.1994, en það er seinasta mælingin þar á undan sem nær niður fyrir 2100 m dýpi. Fyrri mælingin var gerð eftir pökkun á 1412 m dýpi og því var holan mikið kæld niður í æðina á 2040 m dýpi. Eins og sést á þessum mælingum þá hefur holan öll hitnað töluvert, aðallega þó á þeim kafla sem mest hefur verið kældur í pökkuninni. Fyrir neðan æðina í 2040 m hefur holan hitnað minna eða allt niður í um 10°C í botni. Líklega á holan eftir að hitna eithvað frekar og er æskilegt að mæla hana aftur í vor og svo í haust áður en hún verður virkjuð.

Nokkrar æðar koma fram í holunni og er greinilegt að æðin í 1070 m stjórnar þrýstingnum í holunni og rennur úr henni niður í 2040 m æðina. Í fyrri mælingunni kemur 1070 m æðin fram sem hitatoppur, þ.e. æðin kemur fljótt inn sem sýnir að hár þrýstingur er við æðina. Vegna þessa millirennslis sjást ekki aðrar æðar þarna á milli nema aðeins vottar fyrir æðinni á 1600 m dýpi. Svo virðist einnig að millirennslis sé á milli æðanna í 2040 m og 2200 m dýpi. Einhverjar óreglur koma fram innan í föðurrörinu og ber þeim vel saman við óreglur í mælingum úr holu SN-6 frá sumrinu 1994. Þarna gæti verið um lárétt rennsli að ræða og er ástæða til að athuga þetta nánar.

Vatnsborð mældist á 81 m dýpi sem er frekar lágt, sennilega vegna vinnslu úr svæðinu. Ef holan hitnar meira þá hækkar vatnsborð samfara því. Fylgjast þarf með vatnsborði í holunni eins og öðrum holum á svæðinu.

Hitinn í holu SN-12 er ennþá aðeins lægri en í holu SN-6, en þar er hitinn um 140°C rétt fyrir neðan 2000 m, en í holu SN-12 mældist hann núna aðeins 125°C, einnig er hitinn á niðurrennslinu úr æðinni á 1070 m dýpi um 90°C á móti um 100°C í holu SN-6 (mæling 27.08.1985). Fyrir ofan föðurrörsendann á um 800 m dýpi eru holurnar hins vegar líkari, þó vantar ennþá um 5°C upp á að hola SN-12 sé jafnheit á þessu dýpi og SN-6

31 Jan 1995 htul  
L= 9612 Oracle

### Ráðagerði SN-12 Seltjarnarnes

